

## REGLUGERÐ

### um (15.) breytingu á reglugerð nr. 653/2014 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2014/2015.

#### 1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Leyfilegur heildaraflí í eftirfarandi tegundum, á tímabilinu frá og með 1. september 2014 til og með 31. ágúst 2015, er sem hér segir:

	Lestir	Skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar
<b>1. Hörpudiskur</b>	<b>0</b>		
<b>2. Innfjarðarækja:</b>	<b>1300</b>		
<b>Innfjarðarækja skiptist:</b>			
Ísafjarðardjúp	750	39,8	710,2
Arnarfjörður	350	18,6	331,4
Breiðafjörður, norðurfirðir	0		
Húnaflói	0		
Eldeyjarsvæði	200	10,6	189,4
Skagafjörður	0		
Skjálfaflói	0		
Öxarfjörður	0		

Leyfilegur heildaraflí í innfjarðarækju er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunar og verður ákvörðun um heildarafla innfjarðarækju endurskoðuð að fengnum nýjum tillögum stofnunarinnar.

Veiðitími og heildaraflí annarra tegunda er ákveðinn í sérstakri reglugerð eða með sérstökum leyfum.

Veiðitímabil innfjarðarækju er skv. reglugerð um rækjuveiðar innfjarða. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum innfjarðarækju, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. júní 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*